

Reglur Nemendasjóðs VMA

1.gr.

Sjóðurinn heitir Nemendasjóður Verkmenntaskólans á Akureyri, með aðsetur að Hringteigi 2.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er eingöngu að aðstoða efnaminni nemendur Verkmenntaskólans á Akureyri með að veita fjárhagslegan stuðning.

3. gr.

Sjóðurinn var stofnaður fyrir fjárhag frá fyrrverandi nemendum VMA og er stofnfé hans er 883.025 kr. Gjafafé sem sjóðnum kann að berast skal leggja við höfuðstól hans. Höfuðstól skal ávaxta í Íslandsbanka þar sem sjóðurinn er.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð af skólameistara og skulu þar auk hans sitja, aðstoðarskólameistari, rekstrar- og fjármálastjóri, náms- og starfsráðgjafi, fulltrúi nemenda í skólaráði og fulltrúi starfsmanna í skólaráði.

5.gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Rekstar- og fjármálastjóri hefur með höndum reikningshald og leggur fram reikninga á aðalfundi sjóðsins einu sinni á ári.

6. gr.

Sjóðurinn tekur þegar til starfa.